

**201. fundur skipulags-og bygginganefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð, mánudaginn 5. september 2016
og hófst hann kl. 18:15**

Fundinn sátu:

Daði Jóhannesson (DJ) formaður, Guðlaug Jónína Ágústsdóttir (GÁ) aðalmaður, Guðbrandur Björgvinsson (GB) aðalmaður, Steindór Hjaltalín Þorsteinsson (SH) aðalmaður og Guðrún Erna Magnúsdóttir (GEM) 1. varamaður.

Fundargerð ritaði: Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingafulltrúi

Dagskrá:

1. 1606035 - Tangagata 6 - Sólstofa

Ósk Vilhjálmsdóttir, kt.081062-5369 sækir um byggingarleyfi fyrir sólstofu og svölum, einnig skjólvegg og sorpskýli, samkvæmt uppdrætti frá Teiknistofunni Óðinstorgi. Erindi frestað á fundi 199 og erindið grenndarkynnt. Grenndarkynningu lauk 9. ágúst 2016 og bárust enginn bréf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið H í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

2. 1608034 - Þvervegur 10 - Breytingar utanhúss

Hólmfríður Gísladóttir, kt.070658-2679 sækir um að klæða húsið að utan og skipta um glugga, samkvæmt uppdráttum frá Hjörleifi Sigurþórssyni.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

3. 1608033 - Lágholt 2 - Breytingar utanhúss

Birgitta Bergsdóttir, kt.020181-5759 sækir um leyfi til að klæða eldri hluta húss að utan, skipta um glugga í eldri hluta og loka einum glugga, samkvæmt uppdráttum frá Hjörleifi Sigurþórssyni.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

4. 1609004 - Borgarbraut 4-6-6a - Lóðarleigusamningar

Lagður er fram nýr lóðarleigusamningur vegna Borgarbrautar 4 til leiðréttingar og nýir lóðarleigusamningar fyrir Borgarbraut 6 og 6a.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir álitum yfirmanns í íþróttahúsi og skólustjóra Grunnskóla.

5. 1608025 - Umsókn um lóðir fyrir íbúðarhús f.h. Hjálmars Jónssonar dags. 23.8.16

Á fundi bæjarráðs nr. 549 er óskað eftir að Skipulags- og byggingarnefnd fjalli um málið.

Skipulags- og byggingarnefnd vísar á lausar einbýlishúsalóðir í Stykkishólmi sem eru til úthlutunar.

6. 1506007 - Viðhald húsa í Stykkishólmi

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur samkv. gr.2.9.2 í byggingarreglugerð nr.112/2012. Áður tekið fyrir á fundi 186. 6. júní 2015.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og leggur til að eiganda verði sent bréf þar sem kynnt eru ákvæði í byggingarreglugerð og leiðbeiningarblað Mannvirkjastofnunar "Aðgerðir til að knýja fram útbætur" er varðar viðhald og dagsektir og "samþykkt um vinnuferil mála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar" er varðar dagsektir. Eldri bréf frá 2015 og 2016 fylgi með. Óskað verði eftir raunhæfri áætlun fyrir næsta fund skipulags- og byggingarnefndar um viðhald hússins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45